

# Ræða Valgerðar Sverrisdóttur iðnaðar- og viðskiptaráðherra

- Flutt á Iðnþingi 16. mars 2001 -

## I.

### Inngangur

#### Breytingar á ytra umhverfi atvinnulífsins



Íslenskt atvinnulíf og samfélagið allt hefur gengið í gegnum miklar breytingar hin síðustu ár. Fyrir marga hafa þessar breytingar ógnað viðteknum venjum og hefðbundnum gildum - en fyrir flesta hafa breytingarnar verið hvati til nýrrar sóknar sem fyrri staða gaf ekki tilefni til.

Þessar breytingar eiga rætur að rekja til örra framfara í vísindum og tækni, sem við Íslendingar höfum náð að tileinka okkur með undragóðum árangri.

Þessi árangur hefur aukið orðstír okkar á erlendum vettvangi og vakið athygli

hinna stærri þjóða á að hér býr dugmikil og framsækin þjóð. Atvinnulífið hefur verið í fararbroddi þessara breytinga og mun verða það áfram. Hlutverk stjórnámálanna verður aftur á móti fyrst og fremst að marka leikreglurnar og skapa hina ytri umgjörð. Segja má að við það verk eigi að fylgja því markmiði:

- Að stjórnvöld búi atvinnulífinu þau starfsskilyrði sem geri því fært að skila sem bestum árangri.

Á því rúma ári sem ég hef gegnt embætti iðnaðar- og viðskiptaráðherra hef ég haft þetta að leiðarljósi og vil ég nota tækifærið hér til að skýra það frekar með því að gera þrjú efnisatriði að megininntaki ræðu minnar. Ég mun byrja á fjármagnsmarkaðinum og rafrænum viðskiptum, fjalla síðan lítillega um nýskipan raforkumála og enda með stuttri umfjöllun um nýsköpun og atvinnuþróun.

## II.

### Fjármagnsmarkaðurinn og rafræn viðskipti

Miklar breytingar hafa orðið á fjármagnsmarkaðinum og vonast ég til að öllum meginbreytingum verði lokið á þessu kjörtímabili. Það veigamesta er að nú hillir senn undir að ríkisbankarnir verði komnir í hendur nýrra eigenda og að afskiptum ríkisins af almennri bankþjónustu ljúki. Lögmál frjálsrar samkeppni verður þá að fullu ríkjandi sem leiða ætti til hagsældar fyrir fyrirtæki og almenning.

Samfara þessu eru áherslurnar að breytast. Umfjöllun um tilteknar stofnanir eru að hverfa - en í

stað þess eru stærri heildarhagsmunir almennings og atvinnulífsins að verða umfangsmeiri. Hér er fyrst og fremst um að ræða hverskonar rafræn viðskipti og málefni upplýsingasamfélagsins almennt. Fast á eftir fylgja svo hugmyndir um rafræna stjórnsýslu sem jafnt og þétt fær aukið vægi í umræðunni.

Kannanir hafa sýnt að öryggi skortir í rafrænum viðskiptum sem leitt hefur til þess að þau eru stunduð í minna mæli en ella. Áhyggjurnar spretta fram vegna þess að í opnu kerfi eins og Internetinu ríkir dulúð rafheimanna - þar sem viðskiptavinir standa ekki augliti til auglitis - sem margir meta forsendu þess að byggja upp viðskiptatraust á viðunandi hátt.

Ein grunnforsenda þess að tryggja öryggi í rafrænum viðskiptum er að dulrita sendingar og að tryggja að aðeins réttur móttakandi geti aflétt dulrituninni. Um þetta snúast rafrænar undirskriftir en nýlega hef ég lagt fram á Alþingi frumvarp um innleiðingu þeirra.

Rafrænar undirskriftir eru taldar grundvöllur aukins trausts í rafrænum viðskiptum. Með notkun þeirra er unnt að tryggja að sending gagna um opin kerfi eins og Internetið verði á trúnaðarstigi. Þá er unnt að sannprófa að upplýsingum hafi ekki verið breytt í sendingu um netið og að upplýsingarnar berist í raun frá tilteknum sendanda. Þannig eru rafrænar undirskriftir m. a. forsenda fyrir - innleiðingu rafrænnar opinberrar stjórnsýslu, - flutnings ákveðinna verkefna út á land og - öruggri sendingu gagna á milli tölva í opnu kerfi.

Ekki er að efa að hér er um að ræða mikilvægt hagsmunamál fyrir atvinnulífið. Fyrirsjáanlegt er að rafrænar undirskriftir verði notaðar - í viðskiptum, - í samskiptum á milli borgara, - á milli borgaranna og stjórnsýslunnar og - stjórnvalda innbyrðis, t. d. á sviði - opinbera útboða, - skattamála, - félagslegrar aðstoðar, - heilbrigðismála og - réttarfars.

### III.

#### Nýskipan raforkumála

Mikilvæg breyting í ytra umhverfi atvinnulífsins er boðuð í nýju frumvarpi til raforkulaga sem nú er til umfjöllunar í ríkisstjórn. Í þessu frumvarpi eru lagðar til grundvallarbreytingar á skipan raforkumála á Íslandi. Þar sem frumvarpið er ekki komið til umfjöllunar á Alþingi get ég aðeins tæpt á því helsta að þessu sinni.

Meginmarkmið frumvarpsins er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulindanna til raforkuvinnslu í því skyni að efla atvinnulíf og byggð í landinu. Með því eru skapaðar forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og sölu raforku og aukinni skilvirkni og hagkvæmni í raforkukerfinu í heild.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sömu fyrirtæki stundi ekki vinnslu og sölu annars vegar og flutning og dreifingu orkunnar hins vegar. Til grundvallar þessu liggur sú ályktun að aðskilnaður tryggi betur forsendur samkeppni og auðveldi eftirlit.

Flutningskerfinu verður skipt í tvo hluta. Annars vegar meginflutningakerfið, sem er núverandi kerfi Landsvirkjunar og viðbætur við það, og hins vegar aðrar línur sem eru minni eða með allt að 30 kV spennu. Þessi skipting stafar af mismunandi sjónarmiðum um gjaldtöku í hvorum hluta.

Þá er lagt til að eitt fyrirtæki, sem ráðherra tilnefnir, annist alla raforkuflutninga og kerfisstjórnun. Er öðrum fyrirtækjum sem eiga flutningsvirki gert að leigja línur sínar til fyrirtækisins.

Að lokum vil ég geta þess að lagt er til að raforkusala verði gefin frjáls í áföngum.

#### IV. Nýsköpun og atvinnuþróun

Veruleg breyting hefur orðið í umhverfi nýsköpunar á seinustu árum. Sú breyting endurspeglar efnahagslega velferð okkar og almennar breytingar á þjóðfélagsgerðinni. Ný fræðasvið vísinda og tækni hafa litið dagsins ljós og náð fótfestu með undraverðum hætti. Nægir þar að nefna líftæknina sem dæmi um svið sem ástæða er til að huga sérstaklega að á komandi árum.

Sú þróun sem varð með líftæknirannsóknir Iðntæknistofnunar eru um margt einkennandi fyrir þessa þróun. Eftir áralangar rannsóknir á hitakærum örverum rann sú stund upp fyrir um tveimur árum að þessum rannsóknum var best tryggð framtíð með því að stofna um þær fyrirtæki, - leita eftir einkafjármagni og - gefa því sjálfstætt líf í ólgusjó frjálsa markaðarins. - Þannig varð fyrirtækið Prokaria til.

Nú hefur líftæknihúsið í Keldnaholti fengið nýtt hlutverk sem frumkvöðlasetur fyrir sprotafyrirtæki á sviði efna- og líftækni. Þar með hefur verið stigið veigamikið skref í þróun á hlutverki opinberra rannsóknarstofa. Hið tæknilega umhverfi sem þar ríkir, sterk tengsl við atvinnulífið, háskóla og erlenda samstarfsaðila verður nú nýtt, á markvissari hátt en áður, til að vinna sérstaklega að framgangi þessara mikilvægu þekkingarsviða. Frumkvöðlasetur í efna- og líftækni er annað frumkvöðlasetrið sem rekið verður á vegum Iðntæknistofnunar. Fyrir er almennt frumkvöðlasetur sem, eins og flestir vita, á heimili hjá Impru.

Ég vil stuðla að því að frumkvöðlasetur rísi víðar og ég vil athuga sérstaklega hvert getur verið hlutverk frumkvöðlasetra í atvinnuþróuninni á landsbyggðinni. Fyrsta skrefið hefur verið stigið í þá átt og fyrir réttum hálfum mánuði var undirritaður samningur um Frumkvöðlasetur Norðurlands. Það sem er sérstaklega áhugavert í sambandi við þann samning er hversu mikill áhugi var hjá áhættufjárfestum til þátttöku í frumkvöðlasetrinu.

Ástæðan er sú að áhættufjárfestar hafa komið auga á kosti þess að vera eins nálægt uppruna hugmynda sem leitt geta til nýrrar vöru og þjónustu eða til stofnunar nýrra fyrirtækja um

hugmyndirnar. Með þátttöku í rekstri frumkvöðlasetra er nálægðin eins mikil og unnt er sem gefur forskot á fjárfestingu í framsæknum nýsköpunarhugmyndum.

## V. Lokaorð

Ég gat þess í upphafsorðum mínum að ég hef að leiðarljósi, sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra, - að búa atvinnulífinu þau starfsskilyrði sem geri því fært að skila sem bestum árangri. Þessar hugmyndir hef ég, ásamt nánustu samstarfsmönnum mínum í ráðuneytinu, sett fram í stefnuskjali og birt í bæklingi og á heimasíðu minni: Valgerdur.is. Þau þrjú atriði sem ég hef hér að framan dregið á eru hluti af þessari stefnu, en af meiru er að taka sem of langt mál væri að fjalla um á þeim stutta tíma sem hér er til ráðstöfunar.

Þar sem þessi stefna tengist hagsmunum iðnaðarins á margvíslegan hátt varð að ráði að leggja hana hér fram til kynningar. Stefnumótun er í eðli sínu viðvarandi verkefni sem stöðugt þarf að endurskoða. Viðbrögð ykkar við þessari stefnu eru því vel þegin.

Ég óska þinginu velfarnaðar í störfum og íslenskum iðnaði bjartrar framtíðar.